

Tillaga	A 1984/PRE
Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Forsætisnefnd

Þingmannatillaga um að efla vinnu við afnám stjórnýsluhindrana í Norðurlandaráði

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að Norðurlandaráð ákveði

- að stofna nefnd sem ber ábyrgð á hreyfanleika og vexti á Norðurlöndum með áherslu á stjórnýsluhindranir, þar á meðal frjálsri för borgara og fyrirtækja
- að breyta 5. gr. starfsreglna Norðurlandaráðs þannig að til viðbótar við forsætisnefnd verði fimm fagnefndir í ráðinu

Bakgrunnur

Það á að vera hægt að stunda nám, vinna, flytja og rekja fyrirtæki milli norrænna landamæra. Þess vegna eru hreyfanleiki og frjáls för á meðal mikilvægustu hornsteina norræns samstarfs og vinnan að því að afnema stjórnýsluhindranir á er Norðurlöndum forsenda þess að samstarfið þróist.

Norðurlandaráð hefur alltaf lagt mikla áherslu á vinnuna að afnámi stjórnýsluhindrana. Í dag er vinnan skipulögð í stjórnýsluhindranahópnum – starfshóp sem hefur sérstaka tengingu við Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndina.

Í stjórnýsluhindranahópnum eru 10-14 meðlimir frá forsætisnefnd og núverandi fagnefndunum fjórum. Starfshópurinn er aðstoðaður af aðalráðgjafa og samræmingaraðila í sem samsvarar 20% og 50% starfi. Auk þess bera forsætisnefnd og núverandi fagnefndir ábyrgð á vinnunni við afnám stjórnýsluhindrana innan fagsviða sinna.

Stjórnýsluhindranahópurinn er mikilvægur hluti vinnunnar við afnám stjórnýsluhindrana, en hópurinn telur þessa vinnu í dag vera „falda“ í starfshópi og að auka þurfi framlög til þessarar vinnu og kraft hennar.

Stofnun sérstakrar nefndar myndi tryggja að hreyfanleiki og vöxtur fengju nægilega athygli og framlög innan ráðsins. Það myndi stuðla að skilvirkari og markvissari nálgun í viðbrögðum við áskorunum á sviði stjórnýsluhindrana.



Um leið væri stofnun nýrrar nefndar mikilvægur liður í að styðja við og uppfylla framtíðarsýn forsætisráðherranna fyrir árið 2030 um Norðurlöndin sem samþættasta og sjálfbærasta svæði heims.

Flokkahópur jafnaðarmanna vill með þessari tillögu tryggja venjulegu fólki sem lifir venjulegu lífi frjálsa för á Norðurlöndum. Við viljum afnema augljósar stjórnsýsluhindranir og skapa meira rými fyrir okkur til að njóta allra þeirra kosta sem norrænt samstarf hefur í för með sér.

Stokkhólmi, 5. febrúar 2024

Anna-Kristiina Mikkonen (sd)

Annette Lind (S)

Eva Lindh (S)

Gunilla Carlsson (S)

Heléne Björklund (S)

Henrik Møller (S)

Johan Andersson (S)

Juha Viitala (sd)

Kim Berg (sd)

Lars Mejern Larsson (S)

Maria Durhuus (S)

May Britt Lagesen (A)

Odd Harald Hovland (A)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Per Husted (S)

Per-Arne Håkansson (S)

Pinja Perholehto (sd)

Solveig Vitanza (A)

Stein Erik Lauvås (A)

Tove Elise Madland (A)

Truls Vasvik (A)

Åsa Karlsson (S)